

FUNDARGERÐ

168. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Austurvegur 17 í Vík
Fundartími: Miðvikudaginn 18. ágúst 2010 kl. 16:00.
Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamenn fræðslunefndar.
Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon
Formaður setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Á fundinn eru mætt: Magnús Sæmundsson, Sigríður Kjartansdóttir, Hjördís Rut Jónsdóttir, Petra Kristín Kristinsdóttir, Ingvar Jóhannesson. Ólafur S. Björnsson, Anna Björnsdóttir, Victoria Jonsson

1. **Staða skólamála.**
Tekist hefur að ráða í allar stöður í skólunum bæði grunnskóla og leikskóla. Upplýst var að í skólanum verða 66 nemendur í vetur og 11 starfsmenn verða við skólann. Í leikskólanum verð í vetur 25 börn og 5 starfsmenn í leikskólanum.
2. **Starfsmannamál.**
Ekki tekið fyrir þar sem tekist hefur aðráða í allar stöður í skólunum..
3. **Erindisbréf nefndarinnar.**
Nefndinni var sent erindisbréf nefndarinnar til skoðunar. Ljóst að fara þarf yfir erindisbréfin bæði með tilliti til skipulagningar skólamála í sveitarfélaginu og ein þeirra breytinga sem orðið hafa á lögum og regluverki frá því að erindisbréfið var samið.
4. **Önnur mál.**
 - a) Bréf frá Höllu Ólafsdóttur deildarstjóra leikskóladeildar þar sem farið er fram á að komið verði á starfsmannafundum fyrir starfsmenn leikskólans einu sinni í mánuði. Nefndin fellst á erindið.
 - b) Til upplýsinga var framlagt bréf frá skólamálafulltrúa Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem bent er á að frestur til að gera athugasemdir við almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla er til 1. október.
 - c) Ákveðið að stefna að því að fundir fræðslunefndarinnar verði að jafnaði haldnir annan þriðjudag í mánuði og að fundirnir verði kl. 16.00

Fundi slitið kl.17:55

Ingvar Jóhannesson

Petra Kristín Kristinsdóttir

Ólafur S. Björnsson

formaður

Sigríður Kjartansdóttir
